

Alþingi
Erindi nr. P 140/12
komudagur 2.11.2011



VESTNORDISK RÁÐ

30. október, 2011.

Umsögn Vestnorræna ráðsins um tillögu til þingsályktunar um siglingaleiðir við norðan- og vestanvert Ísland, 13. mál.

Vestnorræna ráðið fagnar og tekur undir framkomna tillögu þess efnis að samdar verði reglur um siglingaleiðir við norðan- og vestanvert Íslands, m.a. í tengslum við Norður-Íshafssiglingar.

Færeyjar, Grænland og Ísland eiga aðild að þingmannastamtökunum Vestnorræna ráðinu. Fiskveiðipjóðir sem að miklu leyti byggja afkomu sína á nýtingu auðlinda hafsins. Eitt af höfuðmarkmiðum ráðsins er að standa vörð um hagsmuni landanna sem tengjast Norður-Atlantshafi. Því hafa umhverfismál og mál sem tengjast sjávarútvegi verið ofarlega á baugi frá stofnun ráðsins.

Eftir því sem umferð hefur aukist á svæðinu, bæði með ferðamenn, tengd flutningum og við nýtingu auðlinda, og útlit er fyrir að hún muni aukast enn frekar á næstu árum og áratugum, hefur ráðið í auknum mæli beint sjónum sínum að öryggismálum tengdum siglingum á Norður-Atlantshafi og á Norðurskautssvæðinu.

Slys á þessum svæðum getur haft verulega alvarlegar afleiðingar fyrir nýtingu lifandi auðlinda á borð við fiskistofna. Ráðið hefur tvisvar sinnum haldið þemaráðstefnur um öryggis- og björgunarmál á Norður-Atlantshafi, árin 2008 og 2011. Þessi mál hafa verið rædd á öllum ársfundum ráðsins a.m.k. frá árinu 2005 og hafa á fundunum komið fram áhyggjur af því að skortur sé á reglum, ekki síst samræmdum reglum, á Vestur-Norðurlöndum (Færeyjum, Grænlandi og Ísland). Jafnframt hafa komið fram áhyggjur af því að litlar takmarkanir séu á því hvar menn geti siglt og með hverskonar farm, auk þess sem skortur sé á reglum um það hvernig beri að sigla um ýmis hættuleg og viðkvæm svæði.

Ráðið hefur á umliðnum árum samþykkt nokkrar ályktanir þar sem ríkisstjórnir landanna þriggja eru hvattar til þess að auka samstarf sitt varðandi mál sem tengd eru öryggi og björgun á Norður-Atlantshafi og Norðurskautssvæðinu. Einhugur hefur ríkt meðal þeirra átján þingmanna sem sitja fyrir hönd landa sinna í ráðinu. Þess má geta að á næstu þemaráðstefnu ráðsins sem haldin verður á Grænlandi vorið 2012 er ætlunin að skilgreina sameiginlega hagsmuni landanna í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa með betra aðgengi á svæðinu í kjölfar minnkandi íss á svæðinu. Siglingaöryggi mun vafalaust verða ofarlega á baugi á ráðstefnunni.

Árið 2008 samþykkti ársfundur ráðsins ályktun til Norðurlandaráðs (nr. 1/2008) þar sem hvatt er til þess að Norræna ráðherranefndin standi fyrir því að gerð verði sérfræðiskýrsla um siglingaöryggi. Meðal annars var óskað eftir því að siglingaöryggi á svæðinu verði greint nánar og í því skyni safnað saman upplýsingum um þau lög og reglur sem gilda um siglingar í löndunum við Norður-Atlantshaf. Jafnframt var óskað eftir því að í skýrslunni yrði gerð tillaga um hvað betur megi fara og hvort og þá hvernig væri best að auka samstarf landanna um aukið siglingaöryggi á svæðinu. Jafnframt var hvatt til þess, að teldu skýrsluhöfundar grundvöll til þess, þá legðu þeir fram hugmyndir um það hvort og þá í hvaða formi löndin á svæðinu gætu lagt fram sameiginlega tillögur um öruggar siglingar fyrir Alþjóðasiglingamálastofnunina.

Í ljósi þess sem hér hefur verið greint frá má ljóst vera að ráðið fagnar þeirri tillögu sem fram er komin um að samdar verði reglur um siglingaleiðir við norðan- og vestanvert Ísland, m.a. í tengslum við Norður-Íshafssiglingar. Um leið og ráðið tekur undir þær hugmyndir sem settar eru fram í tillögunni til þingsályktunar vill ráðið hvetja til þess að samráð og samstarf verði haft við nágrannalöndin svo setja megi sem samhæfðastar reglur á svæðinu öllu.

Þórður Þórarinsson, framkvæmdastjóri Vestnorræna ráðsins.

